

Á FAGLEGUM NÓTUM

Naut til notkunar næstu vikurnar

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgripa-
rækt
mundi@mli.is



Pessa mánuðina hefur á undanförnum árum verið hvað minnst um að vera í sæðingum, það er, í ágúst og september eru sæðingar hvað fæstar. Það getur verið ágætis tímarpunktur til þess að staldra við og líta á hvað er í boði, vega og meta nautin og skoða kosti þeirra og galla.

Kynbótamat var keyrt að loknu uppgjöri maímánaðar og fagrúð í nautgriparækt fundaði um miðjan júlí og tók ákvörðun um hvaða naut standa til boða sem reynd naut á komandi vikum. Ákveðið var að setja þrjú ný reynd naut í notkun úr 2015 árgangi og þá voru tvö naut tekin úr dreifingu sem reynd naut. Það eru Vals 14087 og Kætir 15004 en þau lækkuðu bæði í mati auk þess sem notkun á þeim hafði verið dræm.

Í heildina standa þau naut sem voru í dreifingu mjög vel við fyrra mat og tiltölulega litlar breytingar milli keyrslna. Við skulum líta aðeins nánar á þau naut sem áfram verða í dreifingu.

Bakkus 12001, f. Ófeigur 02016, mf. Frami 05034. Bakkus hefur nú verið allengi í notkun en samt engin ástæða til annars en bjóða hann áfram. Þar kemur einkum tvennt til. Bakkus er mjög hár í mati og hefur haldið sínu auk þess sem hann er lítt skyldur Laska-línunni sem er mjög áberandi í kúastofninum um þess- ar mundir. Styrkur Bakkusar liggur einkum í mjólkurlagni, góðum mjóltum og frábæru skapi. Spennar dætra hans eru hins vegar grann-

ir sem hafa þarf í huga við pörun. Bakkus lækkaði um eitt stig og er nú með 111 í heildareinkunn.

Pipar 12007, f. Gyllir 03007, mf. Flói 02029. Pipar er eitt þeirra nauta sem lítt tengist Laska og getur því verið vænlegur kostur á t.d. dætur Bamba. Pipar er nauksfaðir og sækir kosti einkum í efnahlutföll, jógur- og spenagerð og mjaltir. Hann lækkaði um eitt stig og stendur nú í 108 í heildareinkunn.

Loki 12071, f. Birtingur 05043, mf. Þröstur 00037. Loki hefur sótt á með tímanum og ávallt fengið nokkra notkun. Hann er lítt skyldur Laska og hans afkomendum en kosti sækir Loki einkum í jógur- og spenagerð og mjaltir. Hann bætti í, hækkaði um eitt stig og stendur nú með 108 í heildareinkunn.

Sjarmi 12090, f. Koli 06003, mf. Laski 00010. Sjarmi er enn á lista yfir reynd naut í dreifingu en hverfur von bráðar úr kútum frjótækna þar sem sæði úr honum er nánast uppuríð. Það segir sína sögu, hann hefur ætíð fengið mikla notkun enda kostir hans áberandi miklir, gríðarmikil mjólkurlagni, góð jógur- og spenagerð, frábær ending, góðar mjaltir og gott skap. Sjarmi lækkaði um eitt stig og stendur nú í 112 í heildareinkunn.

Dúett 12097, f. Birtingur 05043, mf. Dúllari 07024. Dúett er einn þeirra kosta sem tengjast Laska lítið sem ekkert auk þess að hafa til að bera há efnahlutföll og góðar mjaltir. Dúett hækkaði um eitt stig og er nú með heildareinkunn upp á 107.

Jörfi 13011, f. Birtingur 05043, mf. Skurður 02012. Sæði úr Jörfa er nánast uppuríð og hann mun því hverfa úr notkun innan skamms. Jörfi er eitt þeirra fáu nauta sem státa af jákvæðu kynbótamati hvað



Ábóti 15029.

Myndir / Sveinbjörn Eyjólfsson



Köngull 15019.

nánast alla þætti varðar en hvað jógurgerð snertir er hann flaggskip nautaflotans en um hana er ekkert annað að segja en að hún er frábær. Hvað aðra þætti snertir er Jörfi mjög öflugur í efnahlutföllum, spenagerð og endingu. Jörfi

stóð í stað og er með 112 í heildareinkunn.

Hálfmáni 13022, f. Vindill 05028, mf. Laski 00010. Hálfmáni er að hverfa úr notkun, sæði að klárast og hann mun því aðeins standa til boða um skamma hríð. Hálfmáni

er afurða- og efnahlutfallanaut en þó sýnu öflugastur hvað mjaltir og framúrskarandi skap snertir. Hafa þarf í huga að dætur Hálfmána eru alla jafna með stutta spena. Hálfmáni lækkaði um eitt stig og er nú með 110 í heildareinkunn.

Bárður 13027, f. Baldi 06010, mf. Laski 00010. Bárður hefur fengið drjúgmikla notkun enda býður hann upp á gríðarhátt fituhlutfall í mjólk og frábæra skapgerð dætra. Hvað aðra þætti snertir er Bárður sterkur hvað jógur- og spenagerð snertir. Bárður er hálfbróðir Kláusar 14031 að móðurinni til. Heildareinkunn Bárðar breyttist ekki og er 106.

Ýmir 13051, f. Baldi 06010, mf. Laski 00010. Ýmir hverfur von bráðar úr kútum frjótækna en sæði er nánast uppuríð þegar þetta er skrifað. Ýmir sækir sinn mikla styrk einkum í úrvalsgóða jógur- og spenagerð ásamt mjög góðum mjóltum og skapi ásamt jógurhreysti. Nefna verður að efnahlutföll í mjólk dætra Ýmis eru undir meðallagi. Ýmir hélt sínu milli keyrslna og stendur í 111 í heildareinkunn.

Steri 13057, f. Koli 06003, mf. Aðall 02039. Steri er gríðarmikið afurðanaut þar sem saman fara mikil mjólk og há efnahlutföll. Hann er fyrst og fremst í boði sem slíkur enda eru mjaltir undir meðallagi auk þess sem jógurdýpt dætra er meiri en æskilegt væri. Þá gefur Steri kúr sem eru í lágfættari kantinum og því ber að nota hann með það í huga. Steri lækkaði um tvö stig nú og stendur með 109 í heildareinkunn.

Hæll 14008, f. Kambur 06022, mf. Hræsingur 98046. Hæll hefur stöðugt verið að bæta í og því var ákveðið að taka hann í flokk nauksfeðra. Hann er tiltölulega lítið skyldur flestum hinna mest notuðu nauta

NAUT 2020 Reynd naut Nautastöðvar Bí sem fyrirhugað er að nota sæði úr sumarið 2020

Nafn og nr.	Faðir	Móðir, uppruni og móðurfaðir	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Prót.úthald	Frjósemi	Frumtala	Gæðaröð	Skrokkur	Jógur	Spennar	Mjaltir	Skap	Ending	Heild	Hæð dætra
Bakkus 12001*	Ófeigur 02016	Mæja 727, Auðsholti, Hrunamannahreppi, Frami 05034	117	90	94	111	104	121	100	119	104	103	104	116	123	110	111	5,4
Pipar 12007*	N Gyllir 03007	759, Espihóli, Eyjafirði, Flói 02029	103	122	118	115	101	81	108	100	105	113	115	111	99	104	108	5,4
Loki 12071	Birtingur 05043	Huppa 356, Bakka, Kjalarnesi, Þröstur 00037	111	100	102	112	85	106	90	98	105	113	109	111	95	110	108	5,5
Sjarmi 12090	Koli 06003	Baula 474, Hrepphólum, Hrunamannahr., Laski 00010	124	91	100	117	97	87	115	116	105	106	113	110	109	120	112	5,4
Dúett 12097	Birtingur 05043	Dúlla 593, Egilsstaðakoti, Flóa, Dúllari 07024	105	111	112	114	81	105	92	103	99	106	101	109	97	107	107	6,0
Jörfi 13011	N Birtingur 05043	Gústa 643, Jörfa, Borgarbyggð, Skurður 02012	102	122	113	111	111	106	106	105	108	136	110	104	103	120	112	5,7
Hálfmáni 13022	N Vindill 05028	Gríma 468, Brjánsstöðum, Grímsnesi, Laski 00010	107	110	116	113	96	90	100	114	99	108	114	113	126	112	110	5,7
Bárður 13027	Baldi 06010	Klaufa 248, Villingadal, Eyjafirði, Laski 00010	94	122	106	105	106	98	87	114	102	115	104	103	129	110	106	5,9
Ýmir 13051	N Baldi 06010	Slóð 692, Klauf, Eyjafirði, Laski 00010	115	92	84	105	84	89	124	116	105	125	115	116	122	116	111	5,4
Steri 13057	T Koli 06003	731, Stóru-Mörk, Eyjafjöllum, Aðall 02039	113	123	116	121	116	117	92	103	106	94	101	89	101	114	109	4,9
Hæll 14008	N Kambur 06022	Skýla 474, Hæli 1, Eystrihrepp, Hræsingur 98046	100	114	111	107	103	112	103	92	98	127	115	105	101	108	109	5,4
Hnykkur 14029*	Lögur 07047	Píla 483, Hlöðum, Hörgársveit, Stígur 97010	96	110	111	102	83	96	108	94	104	121	102	99	106	109	104	5,5
Kláus 14031*	N Hjarði 06029	Klaufa 248, Villingadal, Eyjafirði, Laski 00010	118	103	105	117	102	100	87	105	99	105	105	99	117	103	108	5,5
Stáli 14050*	Lögur 07047	Birna 805, Hlemmiskeiði 2, Skeiðum, Reykur 06040	111	103	100	113	95	94	89	108	106	107	99	105	103	109	105	5,6
Bjarki 15011	Laufás 08003	Fura 505, Akri, Eyjafirði, Ás 02048	116	94	94	110	98	100	82	116	101	112	105	116	117	100	107	5,7
Risi 15014	N Laufás 08003	Móa 414, Syðri-Bægisá, Öxnadal, Hjarði 06029	114	108	97	114	96	99	105	108	102	103	108	108	118	104	109	5,3
Golíat 15018*	Laufás 08003	Emma 738, Keldudal, Hegranesi, Bolti 09021	120	83	105	117	83	84	104	125	105	112	101	111	106	97	107	5,9
Köngull 15019*	Toppur 07046	Fura 933, Auðsholti, Hrunamannahreppi, Bambi 08049	93	121	116	104	104	99	114	90	95	127	107	106	112	106	108	5,5
Jólnir 15022*	Bambi 08049	Borgey 638, Reykjahlíð, Skeiðum, Sússi 05037	109	104	110	112	95	101	98	96	105	103	109	101	102	104	106	5,2
Svampur 15027	Bambi 08049	Komma 379, Bakka, Kjalarnesi, Skurður 02012	102	102	97	101	100	94	118	97	106	104	114	108	119	100	106	5,0
Ábóti 15029*	Bambi 08049	Abbadís 469, Skipholti 3, Hrunamannahr., Pollur 99008	107	100	99	107	95	113	114	102	104	122	118	104	95	97	108	5,0

síðustu ára sem gerir hann álitlegan kost ásamt háum efnahlutföllum og úrvalsgóðri júgurgerð. Rétt er að hafa bak við eyrað að spenar dætra hans eru fremur grannir. Hæll hækkaði um eitt stig og stendur nú í 109 í heildareinkunn.

Hnykkur 14029, f. Lögur 07047, mf. Stígur 97010. Hnykkur er efnahlutfallanaut auk þess sem dætur hans hafa til að bera ákaflega vel borin júgur með mikla festu. Hann gefur nokkuð granna spena. Fyrir marga hljómar einnig spennandi að allnokkur hluti afkvæma hans skartar gráum lit enda var hann sjálfur kolgráskjöldóttur. Hnykkur er nú með 104 í heildareinkunn eftir að hafa lækkað um eitt stig.

Kláus 14031, f. Hjarði 06029, mf. Laski 00010. Kláus er í hópi nautsfeðra enda eru dætur hans sérlega mjólkurlagnar með góð efnahlutföll í mjólk. Þær eru einnig ákaflega skapgóðar en aðrir þættir liggja nærri meðaltali. Kláus er sammæðra Bárði 13027 en víst er að fáar kýr geta státað af því að hafa skilað tveimur nautum í hóp reyndra nauta. Kláus lækkaði um tvö stig en stendur eftir sem áður með 108 í heildareinkunn.

Stáli 14050, f. Lögur 07047, mf. Reykur 06040. Styrkleikar Stála felast í góðri mjólkurlagni dætra, prýðilegri júgur- og spenagerð auk þess sem mjaltir og skap eru ofan meðallag. Stáli lækkaði um tvö stig milli keyrslna og stendur nú í 104 í heildareinkunn.

Bjarki 15011, f. Laufás 08003, mf. Ás 02048. Bjarki kom til notkunar í vetur og hefur fengið góða notkun. Hans styrkleikar liggja mjólkurlagni, góðri júgurgerð og úrvalsgóðum mjóltum og skapi. Hafa verður í huga að spenar eru nokkuð grannir. Bjarki lækkaði um tvö stig og er nú með heildareinkunn upp á 107.

Risi 15014, f. Laufás 08003, mf. Hjarði 06029. Risi er eitt þeirra nauta sem kom í notkun s.l. vetur og er núna tekinn í flokk nautsfeðra. Risi er með jákvætt mat fyrir flesta þætti en hvað öflugastur hvað afurðagetu snertir, einkum mjólkurmagn og fituhlutfall. Þá er júgurgerð dætranna góð, spenar fremur stuttir, mjaltir góðar og skapið framúrskarandi. Dætur Risa eru stórar kýr, nokkuð sem gott er að hafa í huga við notkun hans. Risi hækkaði um eitt stig og er heildareinkunn hans nú 109.

Golfát 15018, f. Laufás 08003, mf. Bolti 09021. Golfát kom til notkunar á líðnum vetri og hefur verið vel tekið. Styrkleikar hans liggja í mikilli mjólkurlagni dætra, góðri júgur- og spenagerð, góðum mjóltum og prýðilegri skapgerð en Golfát kemur ákaflega vel út í gæðaröð. Hins vegar er fituhlutfall í mjólk dætra í lægri kantinum. Golfát gefur stórar kýr sem vekur enga furðu ef lítið er til ætternis hans. Golfát hækkaði um eitt stig og stendur nú í 107 í heildareinkunn.

Jólnir 15022, f. Bambi 08049, mf. Sússi 05037. Jólnir varð fyrsti sonur Bamba sem kom til notkunar sem reynt naut síðasta vetur. Jólnir er ákaflega jafn hvað flesta eiginleika varðar en hvað sterkastur í afurðagetu þar sem dætur hans eru mjólkurlagnar með fremur há efnahlutföll í mjólk. Rétt er að hafa í huga að Jólnir gefur granna spena. Hann stendur nú með 106 í heildareinkunn eftir að hafa lækkað um tvö stig.

Ný reynd naut í notkun

Að þessu sinni var ákveðið að taka þrjú ný naut til notkunar sem reynd naut. Þar er um að ræða einn Toppsson og tvo Bambasyni.

Köngull 05019 er frá Auðsholti í Hrunamannahreppi undan Toppi 07046 og Furu 933 Bambaóttur 08049. Köngull er efnahlutfallanaut en dætur hans státa af háum hlutföllum fitu og próteins í mjólk. Hins vegar er afurðagetan hvað mjólkurmagn varðar undir



Svampur 15027.

meðallagi. Júgurgerð dætra Könguls er með afbrigðum góð og spenar vel gerðir en stuttir. Mjaltir þessara kúa eru góðar sem og skapið. Köngull er með 108 í heildareinkunn.

Svampur 15027 er frá Bakka á Kjalarnesi undan Bamba 08049 og Kommu 379 Skurðsdóttur 02012. Dætur Svamps eru meðalkýr ef lítið er til afurðagetu en kostir þeirra liggja í júgurhreysti, góðum mjóltum og afburðagóðu skapi. Hafa þarf í huga að þrátt fyrir góða spenagerð eru spenarnir stuttir. Svampur er með 106 í heildareinkunn.

Ábóti 15029 er frá Skipholti 3 í Hrunamannahreppi undan Bamba 08049 og Abbáðs 469 Pollsdóttur 99008. Styrkur Ábóta liggur í stórgóðri júgurgerð og mikilli júgurhreysti. Spenar eru vel gerðir en ákaflega fíngræðir, bæði fremur stuttir og mjög grannir. Undan Ábóta geta komið skapgallaðir gripir án þess að hægt sé að flokka það sem vandamál. Heildareinkunn Ábóta er 108.

Nautsfeður

Að undanförunu hefur Nautastöðin einkum verið að kaupa kálfa undan Sjarna 12090, Jörfa 13011, Hálfmána 13022 og Ými 13051. Segja má að kominn sé nægur fjöldi undan þessum nautum nema Ými en komi nautkálfr undan þessum nautum og afbragðskúm er það að sjálfsgöðu skoðað.

Á næstu vikum verður sjönnum einkum beint að kálfum undan Pipar 12007, Hæl 14008 og Kláusi 14031. Þeim tilmælum er beint til manna að láta sæða kýr á nautsmæðraskrá og efnilegar kvígur með einhverju eftirtalinnu nauta; Pipar 12007, Ými 13051, Hæl 14008, Kláusi 14031 eða Risa 15014. Ými skal ekki nota nema á kýr með há efnahlutföll í mjólk.

Nautsmæður

Á nautsmæðraskrá í Huppu (með rautt flagg) eru kýr með a.m.k. 106 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálfr undan væntanlegri nautsmóður eru aðrir þættir vegnir og metnir svo sem afurðir og frjósemi.

Á skrá yfir efnilegar kvígur (með grænt flagg) eru kvígur sem eru með a.m.k. 108 í heildareinkunn, 90 fyrir fituhlutfall og 100 fyrir mjaltir. Þegar tilkynnt er um nautkálfr undan kvígu eru aðrir þættir skoðaðir og beðið fyrstu mælingar, kýrsýnis og ákveðinnar reynslu áður en ákvörðun um framhaldið er tekin.

Mjaltaathugun

Að öllu jöfnu er keyrð mjaltaathugun tvisvar sinnum á ári. Þessi upplýsingaöflun gefur mikilsverðar upplýsingar um dætur nautanna og er mikilvægur þáttur í afkvæmadómi þeirra. Illu heilli hafa skil á mjaltaathugunum farið versnandi og nú er svo komið að þetta er sá þáttur sem mest tefur afkvæmadóm nautanna en eftir upptöku mældagálkans fyrir afurðir fæst

með of skyldum nautum en það er eitthvað sem ávallt þarf að hafa í huga þegar um er að ræða jafn lítinn stofn og íslenski kúastofninn er.

Óreynd naut

Útsending úr nautum fæddum 2018 er langt komin og mun ljúka á næstu vikum. Þar er um að ræða syni Lúðurs 10067, Dropa 10077, Gýmis 11007 og Skalla 11023. Árgangurinn frá 2019 tekur þá við en þá munu koma til dreifingar nokkrir synir Bakkusar 12001 auk fyrstu sona Sjarna 12090 og Jörfa 13011.

Að lokum

Kynbótastarf í nautgriparækt tekur langan tíma með því kerfi afkvæmaprófana sem við búum við í dag. Hornsteinar þess eru gott og þáttaka í sæðingum. Oft hefur verið rætt um mikla notkun heimanauta héraðs og reyndin er sú að um 30% allra kálfa sem fæðast eru undan heimanautum. Kynbótastarfið er því keyrt á 2/3 mögulegra afkasta. Sambærilegar tölur frá hinum Norðurlöndunum eru að innan við 10% kálfa eru undan heimanautum.

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

GRAMMER

Twenty One

FLUGNAEITUR

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt

Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslun Eyri
Vélavali

STREYMI
heildverslun

500 g

Skordýraeitur til notkunar gegn flugum í byggingum sem ætlaðar eru búpening.

Streymi heildverslun ehf. S 588 2544
Goðanesi 4 N streymi@streymi.is
603 Akureyri V www.streymi.is

Ný kynslóð 100% rafmagn!

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðlættingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is